



Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Í samræmi við reglugerð nr. 654/2009 setur Menntaskólinn að Laugarvatni sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Markmiðið er að nemendur geti skilið og notað íslenskt mál í framhaldsskólanámi sínu og verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Nemendur fá þannig góðan undirbúning fyrir háskólanám og þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

Að því leyti sem tilefni er til gildir áætlunin einnig um nemendur sem hafa dvalið langdvölum erlendis og um móttöku skiptinema.

Innritun og móttökuviðtal

Nemendur innrita sig í skólann í gegnum heimasíðu ML, www.ml.is, á www.menntagatt.is eða á skrifstofu skólans.

Námsráðgjafi skipuleggur viðtal með nemanda og foreldrum eða forráðamönnum og umsjónarkennara. Það getur hentað vel að tímasetja það á nýnemadaginn, sem er haldinn í byrjun skólaárs, áður en önnur dagskrá hefst. Í viðtalinu er aflað upplýsinga um bakgrunn nemandans og aðstæður hans svo skólinn geti mætt einstaklingsbundnum þörfum hans sem best. Þá er nemandanum og foreldrum eða forráðamönnum veittar nauðsynlegar upplýsingar um skólann, starfsemi hans og þær reglur sem þar gilda. Einnig er kynnt hvaða stuðningur og þjónusta stendur nemandanum til boða, bæði hvað varðar nám og námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og sömuleiðis félagslíf og þjónustu í nærsamfélagi skólans.

Námsráðgjafi afhendir lista yfir helstu tengiliði, s.s. umsjónarkennara, námsráðgjafa, vistarverði og fulltrúa úr nemendafélaginu. Í viðtalinu er hvatt til þess að nemandinn og foreldrar eða forráðamenn hiki ekki við að leita aðstoðar og nánari upplýsinga eftir þörfum.

Samstarf við grunnskóla

Ef nemandinn kemur úr grunnskóla hér á landi hefur námsráðgjafinn samband við viðkomandi skóla og aflar nauðsynlegra upplýsinga sem að gagni kynnu að koma.

Jafningjastuðningur

Í upphafi finnur námsráðgjafi aðila í stjórn nemendafélagsins sem tekur að sér að veita stuðning. Sá hinn sami leggur sig fram um að kynnast nemandanum og spjalla á jafningjagrundvelli. Eftir t.d. tvær vikur, þegar skólastarfið er komið aðeins af stað er fundinn stuðningsvinur úr hópi bekkjarfélaga, í samráði við nemandann.

Íslenskukennsla

Ekki eru sérstakir ÍSA áfangar í boði við skólann. Ef nemandi hefur tök á að fylgja bekknum í íslensku gerir hann það. Námsráðgjafi og umsjónarkennari finna út, í samráði við íslenskukennara, hver þörf nemandans er fyrir sérhæfða íslenskukennslu eða stuðning við hefðbundið íslenskunám. Leitað er leiða í hverju og einu tilviki til að koma til móts við viðkomandi nemanda. Stuðningur getur t.d. falist í sérstakri íslenskukennslu fyrir einstaklinga eða litla hópa. Í sumum tilfellum felst stuðningurinn í aðstoð við að lesa og skilja námsefni í ýmsum námsgreinum, þar sem mikið reynir á orðaforða og lesskilning. Ekki er tryggt að þeir sem sinni kennslunni séu þjálfaðir í að kenna íslensku sem erlent mál. Stjórnendur taka þátt í útfærslu á sértækum úrræðum hverju sinni, í samráði við námsráðgjafa og íslenskukennara.

Almennt nám

Lögð er áhersla á að nemandi sitji í almennum tímum og fylgi námsefni bekkjarins. Námsráðgjafi, í samráði við umsjónarkennara, faggreinakennara og nemanda metur hvort nemandinn þarf sérstakan stuðning í hverri námsgrein fyrir sig. Í þeim greinum þar sem því er við komið er leitast við að miða kennslu og námsmatsaðferðir við getu nemandans í íslensku.

Í vinnustundum gefst nemendum kostur á að leita til kennara sinna utan hefðbundinna kennslustunda og getur það gagnast þessum hópi vel. Nemendur með íslensku sem annað tungumál fá sömu aðstæður í prófum og nemendur með námserfiðleika, þ.e. lengri tíma, munnleg próf o.s.frv. eftir því sem við á.

Umsjónarkennari fylgist skipulega með námframvindu nemandans eins og annarra nemenda og er trúnaðarmaður hans gagnvart skólanum. Umsjónarkennari grípur inn í ef námsframvinda, mætingar eða félagsleg aðlögun nemandans er óviðunandi og hefur samráð við námsráðgjafa um leiðir til úrbóta.

Önnur tungumál

Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra áfanga í staðinn, til þess að ná tilskyldum einingafjölda til stúdentsprófs.

Nemendur sem vilja viðhalda móðurmáli sínu er bent á fjarnám við aðra skóla þar sem tungumálanám í ML takmarkast við dönsku, ensku, frönsku og þýsku. Þeir geta fengið slíkt nám metið til eininga óski þeir þess.

Fræðsla og samráð

Forsenda þess að móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku gangi vel er að allir séu vel upplýstir. Námsráðgjafi tekur upp málefni einstakra nemenda á skólafundi og/eða kennarafundi þegar þurfa þykir. Starfsfólk skólans fær fræðslu um stöðu erlendra nemenda. Stuðla þarf að jákvæðu viðhorfi varðandi samsetningu fjölbreytts nemendahóps við skólann.

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) hefur unnið ötullega að þessum málaflokki og þeirra þróunarverkefni geta nýst vel. SÍF hefur gefið út myndbönd þar sem rætt er við nemendur af erlendum uppruna um upplifun þeirra af íslenska skólakerfinu ([Myndband 1](#) - [Myndband 2](#) - [Myndband 3](#) - [Myndband 4](#)). Einnig hefur verið boðið upp á heimsóknir framhaldsskólanemenda, þar sem þeir deila reynslu sinni af því að vera ungmenni af erlendum uppruna á Íslandi, í gegnum spjall á jafningjagrundvelli. Þróað hefur verið stuðningsvínakerfi og fulltrúar SÍF bjóða skólum aðstoð við að koma slíku á laggirnar. Á gildistíma þessarar áætlunar munu jafnréttisfulltrúi og námsráðgjafi við ML fylgjast áfram með starfi SÍF og tryggja að á hverju ári eigi sér stað einhverskonar fræðsla, stór eða smá í sniðum. Það getur verið allt frá því að deila fræðsluefni á facebook-síðu starfsfólks til þess að fá fræðslufyrirlestur fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans.

Áætlun endurskoðuð í júní 2019.